

Aðalfundur Félags hrossabænda 15.nóvember 2013

fundargerð

Kristinn Guðnason formaður bauð fundarmenn velkomna. Kristinn takk upp á Ólafi Þórisssyni og Jósef Valgarð sem fundarstjórum og Hallveigu Fróðadóttur sem ritara.

Kjörbréfanefnd tók til starfa, Birgir Leó Ólafsson og Ólafur Einarsson.

Tillögur að formönnum starfsnefnda lesnar upp og svo tók Ólafur Þórisson við fundarstjórninni.

Ávörp gesta:

Bjarni Maronsson - Landgræðslunni

flutti kveðjur og góðar óskir frá Sveini Runólfssyni og starfsmönnum landgræðslunnar. Fór yfir samstarf hrossabænda og landgræðslunnar og stöðu gæðastýringar varðandi landnýtingu. Þátttaka í landnýtingarhlutanum hefur ekki aukist sem skyldi. Nóg landsvæði er til fyrir þau hross sem eru í landinu en samt eru enn dæmi um land sem ofbeitt er. FHB og LH hafa bent á að fjöldi hrossa sem ekki nýtast er of mikill og er Bjarni sammála því og taldi að fækkun myndi leiða til betri landnýtingar. Þakkar stjórn Fhb samstarfið.

Sigrún Ólafsdóttir – Félag tamningamanna

þakkar boðið á fundinn og samstarfið. Samstarfið hefur verið gott, en þó enn hægt að bæta t.d. á sviði markaðsmála í tengslum við námskeiðahald tamningamanna erlendis. Gefur ekki kost á sér til endurkjörs formanns FT og vill sérstaklega þakka Kristni Guðnasyni, fráfarandi formanni FHB samstarfið í gegnum tíðina.

Haraldur Þórarinnsson – LH

þakkar boðið á fundinn. Þakkar Kristni samstarfið í gegnum tíðina. LH finnst skorta aga, virðingu og ímynd í hestamenskuna og þarf að bæta það, auka nýliðun, auka jákvæðni og sjálfboðaliststarfið – þetta þarf að bæta. Aðgengi að hestum þarf að vera betra til að stuðla að því að þeir sem fara t.d. a námskeið geti haldið áfram. Umræður hestamanna eru of oft neikvæðar og lítið fjallað um jákvæðar hliðar hestamenskunnar. Þrengt er að reiðleiðum víða um land og LH berst gegn þeim höftum sem verið er að setja víða. Landsmót, er sannfærður um að næsta mót verði gott en fjárhagsstaða mótanna hefur verið fremur slæm frá árinu 2010 þegar fresta þurfi mótinu.

Sigurborg Daðadóttir – yfirdýralæknir

þakkar boðið á aðalfundinn. Dýraheilbrigði og dýravelferð verða ofarlega á baugi frá og með 2014 þegar ný dýraverndarlög taka gildi. Lögin eiga að vera til einföldunar í stjórnsýslunni. Eftirlitsmönnum verður fækkað og ætti eftirlitið því að verða skilvirkara. Aðbúnaðarreglugerðir er verið að endurskoða. Hefur áhyggjur af því að meðferð á hrossum sé verri nú en þegar hún var að byrja í hestamenskunni sbr. aukning áverka sýningahrossa og kynbótahrossa og þessu þarf að sporna við og helst þannig að eigendur hrossa og félagasamtök geri það en ekki að eftirlitsaðilar þurfi að setja reglur til þess að ástandið batni. Hestamenn þurfa að stefna að bættri líðan hrossanna og sýna gott fordæmi hvað varðar markaði okkar erlendis. „Klár í keppni“ þátturinn er t.d. innra eftirlit sem að grunni til er frá FEIF og þannig á þetta að vera. Fylgdist með heilbrigðisskoðun

hrossa á HM í sumar en fannst sú skoðun ekki eins ítarleg og tíðkast hér heima. Hlakkar til að takast á við þetta verkefni í samvinnu við hestamenn.

Karvel Karvelsson – RML

þakkar boðið á aðalfundinn og fór yfir þau verkefni sem RML tók yfir um síðustu áramót. Væntir þess að eiga gott samstarf við hestamenn.

Sindri Sigurgeirsson – BÍ

þakkar boðið á fundinn. Fór yfir hvað BÍ hefur verið að gera undanfarið, breytingar sem hafa orðið í stjórn BÍ sem nú er skipuð konum í meirihluta. Endurskoðun á félagskerfinu hefur farið fram og sú vinna er enn í gangi og þar með búnaðarlagagjaldið sem mun hafa áhrif á búgreinarnar. Staða Hótel sögu er í höfn, bændur eiga hótél Sögu en Arion banki eignast hótél Ísland. Nýting hótelsins er mun betri þetta ár en fyrri ár. Landbúnaðarháskólarnir, vilja verja sjálfstæði skólanna.

Landsmót ehf: BÍ á 1/3 í Landsmóti ehf. og telja þeir að reksturinn sé nú að komast á rétt ról. Ekki má gera kröfu um að Landsmót ehf taki þátt í uppbyggingu mótssvæða, heldur haldi bara mótin sjálf og bjóði þá jafnvel út hverjir vilji halda mótin sbr. Landsmót ungmennafélaganna. Vill ræða aðkomu FHB að Landsmóti ehf. jafnvel frekar en BÍ. Mikil sóknarfæri í hrossaræktinni hvað varðar sameiningu og samvinnu allra þátta. Markaðssetning á hrossum kostar vinnu og fjármuni og getum við notað HM jafnvel enn betur til markaðssetningar en gert hefur verið og þá með sameiginlegu átaki. Menning, listir, ferðaþjónusta og fleiri þættir kæmu þá þar inn, og ættum við að stefna að því að gera okkur enn sýnilegri á næsta HM í Herning. Þakkar Kristni Guðnasyni fyrir störf hans í gegnum tíðina.

Kristinn Guðnason þakkaði gestum ávörp þeirra og þakkaði samstarfið í gegnum tíðina – fór yfir ársskýrslu félagsins (sjá skýrslu).

Hulda Geirsdóttir fór yfir þann hluta skýrslunnar sem snýr að markaðsmálum (sjá skýrslu).

Vignir Sigurðsson gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins.

Kjörbréfanefnd fór yfir lista fulltrúa félaganna:

Suðurland: Benedikt G. Benediktsson, Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Sigríkur Jónsson, Ólafur Þórisson, Katrín Sigurðardóttir, Birgir Leó Ólafsson, Helgi Eggersson, Bjarni Þorkelsson, Viðar Steinarsson, Ingimar Baldvinsson.

Austurland: Jósef Valgarð Þorvaldsson.

Eyjafjörður og Þingeyjasýslur: Ríkharður G. Hafdal, Zophanías Jónmundsson, Bjarni Páll Vilhjálmsson, Jónas Vigfússon, Vignir Sigurðsson.

Skagafjörður: Elvar Einarsson, Ingimar Ingimarsson, Lárus Dagur Pálsson, Ólafur Sigurgeirsson, Víkingur Gunnarsson.

A-Húnavatnssýsla: Magnús Jósefsson, Þorlákur Sveinsson, Tryggvi Björnsson.

V-Húnavatnssýsla: Elvar Logi Friðriksson, Indriði Karlsson, Jóhann B. Magnússon.

Dalasýsla: Sigurður Jökulsson, Svanborg Einarsdóttir.

Vesturland: Birna Hauksdóttir, Sigurbjörn Garðarsson, Gísli Guðmundsson.

Umræður um skýrslu og reikninga:

Ingimar Baldvinsson spyr um skuld félags tanningamanna í reikningum? Vignir svaraði:

Samkomulag var á milli FT og FHB um starfsmann og skrifstofureksturinn, FT skuldaði nokkuð langt tímabil, en nú hefur helmingurinn verið greiddur og samningar í gangi um rest. FT greiddi 20% af starfshlutfalli starfsmanns og reksturs skrifstofu, en frá 1. sept. 2012 eru samningar aðrir, þ.e. föst greiðsla á mánuði fyrir skjalavörslu, gagnageymslu og símsvörun fyrir félagið.

Bjarni Þorkelsson þakkar skýrslu stjórnar og fróðleg ávörp gesta. Hefur áhyggjur af versnandi stöðu á velferð hrossa eins og fram kom í máli Sigurborgar Daðadóttur og spyr hvort hún eigi við áverka í keppni / sýningum eða almennt meðferð hrossa. Eigum að setja góð fordæmi varðandi meðferð hrossanna. Þrátt fyrir að „Klár í keppni“ sé í samvinnu við FEIF þá eru vinnubrögð ekki þau sömu í skoðunum. Ávarp Sindra; Fagnar þeim jákvæða tón sem var í ávarpi Sindra, varðandi Landsmót ehf og nýja sókn í markaðsmálum sem BÍ kæmi að, spyr Bjarni hvort ekki mætti hefja markaðssóknina á komandi landsmóti. Ávarp Kristíns Guðnasonar, v. tvöfaldrá lágmarkseinkunna; Klárhross og alhliðahross breytir ekki stöðu ræktunartakmarksins. Ávarp Sigurborgar; ábyrgð eiganda er mikil í dýraverndarmálum fríar alls ekki aðra hlutaðeigandi aðila s.s. dómara og þá sem koma að skipulaginu. Athuga mætti e.t.v. að sleppa yfirlitssýningum, og myndi álaginu þá léttu gríðarlega af kynbótahrossum. Kristinn talaði um að WF væri merkilegasta tækið okkar í seinni tíð, en minnir á að einmitt þess vegna þurfum við að vanda það sem fer inn í Worldfeng og megum ekki slá slöku við þar.

Indriði Karlsson þakkar ávörp gesta og skýrslu stjórnar. Varðandi erindi Sigurborgar fannst honum eins og Bjarna að hún væri að ræða um almenna velferð hrossa semhefði versnað. Að hans mati hefur almenn velferð stórlega batnað, sbr. fóðrum og tanningar. Án þess að gera lítið úr áverkum þá má greinin ekki við upphrópunum þess efnis að meðferð á hrossum hafi stórversnað.

Jósef Valgarð – félagskerfið vill ekki að stjórn sé með valdboð varðandi störf deilda og ekki annarra en aðalfundar að skrá deildir /félagsmenn úr félaginu. Vill fá að vita hvort það sé stefna félagsins að félagar detti út ef deildir borga ekki. Fjórðungsmót á Austurlandi; ekki mættu allir sem áttu þáttökurétt og því fór sem fór. Einn félagi sagði sig úr félaginu en JV sér hvergi að annar hafi verið skipaður í hans stað í trúnaðarstöf og spyr hvort bréf sem sá aðili sendi hafi ekki verið lesið og tekið fyrir af stjórn. Kynbótasýningar; er þetta afturhvarf til fyrri tíma að skipta upp í klárhross og alhliða hross og yrði það til bóta? Markaðssetningin; kynbótasýningar meiri tæknigrein en mat á bestu hrossunum. Dómamar ættu að dæma sitt í hvoru lagi. Selfossútvarpið; hollt að tala saman í dómpalli en hlýtur að vera erfitt að sitja í palli þar sem einhver einn er að tjá sínar skoðanir sí og æ og hlýtur að vera truflandi fyrir aðra dómara í þeim hóp. Umdeild myndbönd sem fara á netið og umfjöllun aðila um þau og ansi undarlegt hvernig fagaðilar koma að hinum ýmsu málum. Bendir á að auðvelt er að klippa til myndbönd og sýna bara það sem hentar hverju sinni.

Bjarni Maronsson – hestamennskan er ekki bara mót sagði Haraldur hjá LH, og Bjarni tók heilshugar undir þau orð hans. Helstu möguleikar eru í fjölskylduhestamennskunni og ferðum um landið á hrossum og þarf því að passa upp á að halda reiðleiðum opnum. Hefur lengi talið að best

væri að negla niður tvo fasta landsmótsstaðir; Vindheimamela og Gaddstaðaflatur. Sagt hefur verið að hestamenn séu manískir dellukarlar sem Bjarni telur ekki vera hnjóðsyrði. Telur Kristinn hafa unnið eins og góður smali vinnur í rekstri. Hann hafi verið farsæll í sínu starfi og þakkar honum samstarfið.

Sveinn Steinarsson þakkar framsögur og fróðlegar samantekir. Tekur undir með Indriða varðandi meðferð á hrossum. Þurfum að gæta okkur á því hvernig við tölum um þessi mál utan hestamenskunnar. Erfitt er að snúa við umræðu sem komin er á villigötur. Býður Sigurborgu velkomna til starfa. Þurfum að gera átak í kynningu á nýju skipulagi í dýraverndarmálum.

Sigurborg Daðadóttir varðandi „Klár í keppni“ þá er það kerfi er upprunnið frá FEIF en svo þróað áfram hér á landi og hefur Sigurborg tekið það upp í Þýskalandi að FEIF tæki upp okkar vinnulag í heilbrigðisskoðun keppnis- og sporthrossa. Telur sig vera að ávarpa félagi í FHB en ekki t.d. blaðamenn. Hinn almenni hestamaður býr betur að sínum hrossum en áður en annað er að segja um keppnis- og sýningahross sbr. áverkaskráningarnar. Við sjáum allt of sjaldan hesta í braut sem eru glaðir og tölta í gegnum sig. Námskeið Gerd Hauschmann í sumar sem var mjög áhugavert og benti á ýmsa þætti sem við verðum að skoða.

Kristinn Guðnason þakkar Bjarna Maronssyni hlý orð í sinn garð. Bjarni Þorkelsson talaði um kynbótahrossin, fagrað lagði til þessa breytingu en þetta verður vonandi rætt á fundinum í dag. Fagrað hefur lagt til að létta af kynbótahrossum álaginu með breytingu á sýningafyrirkomulaginu. Sammála Bjarna Þorkels með að gögnin í Worldfeng verði að vera sambærileg milli landa og sem réttust. Jósef Valgarð spurði um deildirnar; Aðalfundur Vesturlandsdeildar var haldinn og ný stjórn valin og allt þar í góðu lagi. Því miður hafa engin gögn borist frá Hornafjarðardeildinni og ekki vitað um starfsemi þar, en ekki hafa verið greidd félagsgjöld frá þeirri deild í nokkur ár. Stofnverndarsjóðurinn er um 100 milljónir sem ekki er hægt að nota vegna núgildandi reglna og var Kristinn spurður af starfsmanni landbúnaðarráðuneytis hvort ekki væri hyggilegt að nýta hluta af sjóðnum meðan þrengingarnar eru. Varðandi félagsmanninn sem Jósef Valgarð minntist á þá hefur sá aðili ekki hætt sínum trúnaðarstöfum þar sem hann flutti sig yfir í annað aðildarfélag FHB.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða og að því loknu gert matarhlé í 35 mínútur.

Erindi

Gréta V. Guðmundsdóttir meistaraneimi við Listaháskóla Íslands og listrænn stjórnandi og eigandi auglýsingastofunnar Plánetunnar flutti erindi sitt „Hestur og ímynd í mótun“ þar sem hún velti fyrir sér ímyndarsköpun íslenska hestsins og hvert stefnir í þeim efnum.

Guðlaugur Antonsson hrossaréktarráðunautur fór yfir sýningarárið og tillögur fagraðs um ný lágmark á LM og verklags- og siðareglur fyrir dómara.

Hulda Geirsdóttir þakkaði Grétu og Guðlaugi fyrir erindin og bað um að allsherjar- og markaðsnefndin myndi hafa erindi Grétu í huga og sagði þetta tengjast þeirri umræðu sem er í gangi um nýliðun í hestamenskunni og markaðsáherslur.

Jónas Vigfússon spurði: er einhver skýring á hárrí áverkatiðni á HM í Berlin (80%). Guðlagur sagði þetta vera vallarástand og umhverfisþættir við völlinn.

Ingimar Baldvinsson – er ekki best að taka upp kerfi fyrir knapa svipað og er í fótboltanum og ávíta fyrir áverka og banna þeim þátttöku.

Haraldur Þórarinnsson LH – ánægður með erindi Grétu og telur okkur vera komin of nálægt amerísku ganghestunum í ýktum fótaburði o.fl. Staðfesti að heilbrigðisskoðun á HM hafi ekki verið eins ítarleg og hér á landi. Kynbótadómar, þurfum að skoða alla þætti en ekki að setta okkur við að t.d. atvinnuknappar fái borgað fyrir að fela galla þeirra hrossa sem þeir sýna. Frakkar hafa útbúið ákveðið próf sem dæmir geðslag og fleira hjá hrossum betur en kynbótadómar gera. Mikið farið að nota það próf og varla er það hross selt í Frakkalandi sem ekki hefur farið í þetta próf.

Bjarni Þorkelsson – þakkaði erindin og fagnaði því að fagráð skuli nú vera með þessi skilgreindu verkefni til umfjöllunar, s.s. siðareglurnar og verklagsreglur.

Páll Imsland. Hvernig við lítum á ísl. hestinn – förum oft offari í samanburði við önnur kyn. Erum ekki með eina ganghestakynið í heiminum og okkar hestur er ekki einstakur eins og við höfum hingað til haldið, í undirbúningi er stór erlend blaðagrein sem fjallar um ganghestakynin.

Sveinn – þakkar erindin. Veltir fyrir sér í hvaða farveg vinna við siðareglur gæti farið á fundinum sem og skipting lágmarkseinkunna fyrir landsmót milli klárhrossa og alhliðahrossa? Fagnar siðareglunum.

Kristinn Guðnason – lýsti ánægju með erindi Grétu og Guðlaugs. Vill að siðareglurnar fari til umfjöllunar í ræktunarnefnd. Fagráð taldi ekki ástæðu til að banna skáreim með stangarmélum þar sem engar rannsóknir bendi til þess að hún skaði og því var ekki samstaða við banntillögu LH á sínum tíma. Félag hrossabænda algerlega fylgjandi „Klár í keppni“ en í kynbótasýningum eru áverkaskoðanir í höndum sýningastjóra, en samstaða við „Klár í keppni“ verkefnið er alger og var það m.a. viðhaft á síðasta LM en því miður ekki á síðustu tveimur fjórðungsmótum. Sammála Ingimar um að taka beri á knöpum sem eru með allt að 33% áverka á sýndum hrossum ár eftir ár.

Sigbjörn Björnsson tók til máls og kynnti starf nefndar sem hann stýrði og var skipuð í kjölfar síðasta aðalfundar, en henni var ætlað að fjalla um áverka í kynbótasýningum og hvernig vinna mætti að því að fækka þeim. Nefndin hefur skilað af sér skýrslu til stjórnar og leggur einnig fram tillögu til fundarins er varðar fótabúnað (gömlu klukkuhlífarnar) í kynbótasýningum, sjá hér neðar í fundargerð.

Jósef Valgarð – Tillögur lagðar fram og beint til nefnda:

Hulda flutti kveðjur frá Sigurði Inga, landbúnaðarráðherra, Sigríði Björnsdóttur dýralækni hrossasjúkdóma, Kristni Hugasyni í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Sigurði Torfa, formanni járningamannafélagsins.

Framlagðar tillögur lesnar upp og vísað til viðeigandi nefnda.

Nefndir:

Fjárhagsnefnd – Birna Hauksdóttir formaður, Ólafur Þórisson, Vignir Sigurðsson, Birgir Leó Ólafsson, Zophonías Jónmundsson.

Ræktunarnefnd – Sveinn Steinarsson formaður, Sigríkur Jónsson, Helgi Eggertsson, Benedikt G. Benediktsson, Bjarni Þorkelsson, Ólafur Einarsson, Elvar Einarsson Viðar Steinarsson, Þorlákur Sveinsson, Tryggvi Björnsson, Sigbjörn Björnson, Sigurbjörn Garðarsson, Gísli Guðmundsson, Elvar Logi Friðriksson, Víkingur Gunnarsson, Svanborg Einarsdóttir, Sveinn Ragnarsson.

Allsherjar- og markaðsnefnd – Katrín Sigurðardóttir formaður, Eysteinn Leifsson, Ingimar Baldvinsson, Ingimar Ingimarson, Lárus Dagur Pálsson, Magnús Jósefsson, Indriði Karlsson, Ólafur Sigurgeirsson, Sigurður Jökulsson, Ríkharður G. Hafdal, Jóhann B. Magnússon, Bjarni P. Vilhjálmsson.

Nefndarstörfum lauk kl. 17:43 og fundi þá framhaldið.

Fjárhagsnefnd – Birna Hauksdóttir:

Tillaga um félagsgjalda hækkun upp í 5.000 – samþykkt samhljóða
Þóknun til stjórnar hækkuð í 10.000 fyrir hvern fund, aksturskostnaður verði áfram hálfur ríkistaxti og stjórn fái heimild til að semja um fastaþóknun til formanns - samþykkt samhljóða rekstraráætlun - **samþykkt samhljóða.**

Allsherjar- og markaðsnefnd – Katrín Sigurðardóttir

Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu, 15.nóvember 2013 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða reglugerð um verðskerðingarsjóð hrossa svo nýta megi fjármagn sjóðsins betur til markaðsstarfs í þágu hrossabænda. Umsýsla fjármuna verði áfram á vegum Félags hrossabænda / BÍ. – Nefndin leggur til að þessari tillögu verið vísað til stjórnar - **samþykkt samhljóða**

Umræðupunktur um stofnverndarsjóð og breytingu á úthlutunarreglum hans – Viðar Steinarsson spyr hvort þetta sé þá miðað við ákveðið verkefni - samþykkt samhljóða

Fé úr stofnverndarsjóði verið notað í þýðingar á knapamerkjakerfum – Kristinn bendir á að stofnverndarsjóður sé ekki til markaðsstarfs heldur þess sem snýr að stofninum sjálfum –

Tillögunni vísað frá skv. þessum reglum sjóðsins.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15.nóv 2013 á Hótel Sögu skorar á stjórn Félags hrossabænda að beita sér fyrir betri kjörum þar sem því verður við komið, svo sem DNA greiningar og viðræður verði teknar upp við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um lækkun á sýningargjöldum kynbótahrossa.

Greinargerð: Verð á DNA sýnatöku og úrvinnsla á þeim er komin langt upp fyrir það sem hinn venjulegi ræktandi getur sætt sig við. Vegna hærri verðskrár hafa færri gripir komið til greininga og hafa menn velt því fyrir sér hvort Félag hrossabænda hafi tök á því að skoða með aðkomu Stofnverndarsjóðs. Viðbót: afsláttur yrði veittur gegn félagsaðild í FHB

Guðlaugur benti á að einungis Matís sinnir þessu í dag, 2006 var tekið fé úr stofnverndarsjóði til að greiða niður DNA greiningar á hryssum. Greiningin kostar 6.500 og RML rukkar einungis tímakaup. Matís er mun ódýrari en t.d. samskonar greining í Noregi og Norðmenn senda því

greiningar til Matís. Katrín spurði Kristinn hvort hægt væri að sækja um styrk í Stofnverndarsjóð þar sem hann hafi komið að þessu máli áður. Vill að hnýtt yrði við að afsláttur yrði veittur gegn félagsaðild í FHRB - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15.nóv 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að beita sér fyrir því að kanna með tíðari útflutning svo sem með því að taka upp sjóflutning á hestum.

Greinargerð:

Á aðalfundi Vesturlandsdeildar Félags hrossabænda varð lífleg umræða um útflutning hrossa, tíðni flutninga og kostnað við útflutninginn.

Hulda benti á að lokað hafi verið á skipaflutninga nema yfir sumartímamann í reglugerð um útflutning - **samþykkt samhljóða**

Nefndin tekur undir þær ábendingar að fundargerðir fagráðs komi fyrir en verið hefur inn á heimasíðu FHB. – Guðlaugur benti á að ekki væri búið að samþykkja þær fundargerðir sem vantar á netið. Jónas Vigfússon vill beina þessu til fagráðs að fundargerðir birtist fyrir. – **Tillöggunni vísað frá með einu móttakvæði** en Hulda og Guðlaugur munu skoða málið og lagfæra á vefsíðum.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15.nóv 2013 skorar á stjórn Félags hrossabænda að vinna að því að starfsheitið „hrossaræktarráðunautur“ verði tekið upp aftur.

Greinargerð: Þegar ráðunautaþjónusta Bændasamtakanna var sett í nýtt félag sem á að þjóna búgreininum hurfu mörg af þessum starfsheitum sem notuð hafa verið í marga áratugi. Starfsheitið hrossaræktarráðunautur er hreinlega andlit búgreinarinnar út á við. Þetta skiptir búgreinina mjög miklu máli. Sérstaklega í öllum samskiptum við ræktendur íslenskra hesta í öðrum löndum.

– Bjarni Þorkelsson bendir á að starfsheitið sé til og fleiri sem bera það starfsheiti. Bjarni Þorkels vill að tillagan verði þannig að ábyrgðarmaður hrossaræktarsviðs taki upp starfsheitið, Birna sagði að það hefði verið tilgangur. Landsráðunautur í hrossarækt var sett í stað hrossaræktarráðunautur - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15.nóv 2013 á Hótel Sögu skorar á stjórn Félags hrossabænda að vinna enn frekar að því að kynna og hvetja fleiri til þátttöku í gæðastýringu í hrossarækt. - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að skoða þann möguleika að koma á laggirnar samhæfðu sölukerfi/vef sem tengdur yrði gagnagrunni Worldfengs. Vefurinn væri hugsaður á sama hátt og bílasöluvefir, þar sem söluaðilum gæfist kostur á að kaupa sér aðgang.- **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að aukin verði samvinna við önnur félagasamtök í hestamenskunni (LH, FT) um markaðsetningu

hestsins og hestamennskunnar, svo samhljómur verði skýr, markviss og líklegri til að skila árangri. Til framtíðar mætti hugsa sér að hefja víðtækt klasasamstarf hagsmunaaðila, sem gæti heitið Markaðsstofa íslenska hestsins.

Greinargerð: Samvinna allra félaga greininni er mun líklegri til að skila árangri en að hver vinni í sínu horni og láti sér fátt um finnast hvað aðrir eru að gera. Aukin samvinna er að sama skapi líklegri til að auka líkur á fjárstuðningi við greinina, hægt væri að vinna markvissara að framgangi íslenska gæðingsins hér heima sem og erlendis. Allmörg tækifæri eru um slíkt samstarf hjá hagsmunaaðilum í greininni. Eitt verkefni sem mætti benda á, og er ákaflega brýnt að vinna markvisst, er að hefja víðtækt klasasamstarf hagsmunaaðila um markaðsmáls sem gæti heitið Markaðsstofa íslenska hestsins.

Vignir Sigurðsson spyr hvort BÍ ætti ekki að vera með í tillögunni. Katrín lagði til að upptalningu félaga yrði sleppt - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að hún beiti sér fyrir því að komið verði á allsherjar upplýsingasíðu um íslenska hestinn og höfð aðgengileg, t.d. á forsíðu Worldfengs.

Greinargerð: Í samantektinni kæmu fram upplýsingar um sögu íslenska hestsins og not í fortíð og nútíð, aðbúnað og fóðurþörf, sérstöðu hans meðal hestakynja (litir og litaerfðir, fjölhæfni og vinnugleði, heilbrigði, hreysti, frjósemi). - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að hún beiti sér fyrir því að Fagråd standi vörð um að framkvæmd kynbótasýninga og stöðlun sýningaraðstæðna sé hin sama hérlendis og erlendis. Jafnframt geri Fagråd tillögur sem miði að því ráða bót á meintu misræmi í dómum frá einni sýningu til annarrar og stuðli að trúverðugri jafnstöðu allra dóma sem fara inn í Worldfeng.

Greinargerð: Það hefur talsvert borið á því að hross sem hlotið hafa þokkalegan kynbótadóm hérlendis hafi snarhækkað á sýningum erlendis innan sama árs. Dæmi um slíkan óútskýrðan mun er einnig að finna á milli sýninga hérlendis. Þetta vekur upp þá kröfu að allir sýningarhaldarar sitji við sama borð og hlíti ákvörðun hrossaræktarráðunautar eða Fagráðs um skipan dómnefnda. Gera á þá lágmarkskröfu að minnsta kosti einn íslenskur dómari dæmi á öllum sýningum erlendis. Verði misbrestur á þessu, fari dómarnir ekki inn í World-Feng.- **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að hún beiti sér fyrir að áfram verði boðið uppá svokallaða miðsumarsýningu í júlí. *Greinargerð:* Þátttaka í miðsumarsýningunni á Gaddsstaðaflötum s.l. sumars var mjög góð og undirstrikaði nauðsyn þess að hafa kynbótasýningu seinnipartinn í júlí. Þetta lofsverða framtak er ef til vill bara byrjunin á því að farið verði að bjóða upp á fjölgun og jafnara flæði kynbótasýninga allan þann tíma sem menn kæra sig helst um að sýna kynbótahrossin.- **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu, beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að kynbótahross 6 vetra og eldri haldi sínum byggingardómi úr fullnaðardómi til æviloka ef eigandi óskar þess, þannig að þau þurfi ekki að mæta í byggingardóm, þó að þau mæti á hverju ári í hæfileikadóm.

Geinargerð: Hér er lagður til sparnaður á tíma, fé og fyrirhöfn. Hugmyndin er byggð á trausti á þegar gerðum dómum, rétt eins og þegar opnað var á að byggingardómar úr fullnaðardómi stæðu sumarlangt. - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir eftirfarandi tillögu til stjórnar:

Þegar gangtegundir kynbótahrossa eru dæmdar séu gæði gangtegundarinnar metin umfram hraða og smávægilega hnökra kynbótasýningarinnar.

Greinargerð: Það er útbreidd skoðun að of fast sé tekið á smávægilegum hnökrum í útfærslu sýninga, eða öðrum atriðum sem ekki snerta endilega eðlisgetu gripsins. Með öðrum orðum að kynbótadómurinn dragi stundum of mikinn dóm af harðri keppni. Í kynbótadómi er oft verið að meta ung og óhörðnuð hross og því ósanngjarnt að bera þau saman við fullharðnaða keppnishesta. Aftur er hér vísað til þess sem dýralæknir hrossasjúkdóma segir í áverkaskýrslu sinni frá 2012: „.....að endurskoða þurfi umgjörð keppni og sýninga og þær hugmyndir sem við höfum mótað okkur um getu og form íslenska hestsins“. - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir eftirfarandi tillögu til stjórnar:

Að kannaður verði sá möguleiki að haldið verði sérstaklega utan um þær tölur í World-Feng sem breytast á yfirlitssýningum kynbótasýninga. Þ.e. að það komi sérstaklega fram á dómblaði hvaða tölur breytast og hvernig. Þetta hefur augljóst upplýsingagildi fyrir ræktendur og getur t.a.m. unnið nokkuð á móti svo nefndri einkunnasöfnun. – **samþykkt með meirihluta atkvæða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu beinir því til fagráðs að breyta reglum um fótabúnað, þannig að leyfðar hlífar verji hrossið betur (gömlu klukkuhlífarnar). Jafnframt verði leyfður munur á hófalengd minnkaður - **samþykkt samhljóða**

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 15. nóvember 2013 á Hótel Sögu fagnar betrubótum og siðareglum þeim sem fagráð vinnur að - **samþykkt samhljóða**

Kosningar:

Formaður kjörinn til þriggja ára: Sveinn Steinarsson – kjörinn með lófataki.

Varastjórn til eins árs: Eysteinn Leifsson, Ragnar Magnússon og Magnús Magnússon – samþykkt með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga til tveggja ára: Birna Hauksdóttir og Gunnar Dungal - samþykkt með

lófaklappi

Varaskoðunarmaður: Zophonías Jónmundsson - samþykkt með lófataki.

Önnur mál:

Bjarni Þorkelsson: Óskar nýjum formanni til hamingju og hlakkar til samstarfsins. Færir Kristni Guðnasyni þakkir fyrir áralangt samstarf frá Geysi og til FHB, og fór yfir samstarf þeirra í gegnum áratugina á hinum ýmsu vettvöngum hrossaræktar og hestamennsku.

Ólafur Sigurgeirsson: fór yfir reynslu sína af þessum fyrsta aðalfundi sem hann sat og benti ennfremur á umræður um sameiningar á hinum ýmsum aðilum hestamenskunnar sem væru af hinu góða. Ósamstaða er best leyst með einum heildar félagsskap. Fræðslan í greininni er mikilvæg og benti þar á Knapamerkjakerfin sem þyrfti að þýða yfir á önnur tungumál til að breiða út þekkingu á íslenska hestinum.

Hulda tók til máls og bauð nýjan formann velkominn til starfa og fór yfir samstarfið og þakkaði Kristni sín störf. Færði Kristni kveðjugjöf frá félaginu.

Kristinn Guðnason – þakkaði hrósið, og sagði starfið að flestu leyti hafa verið skemmtilegt og beindi því til Sveins að það væri góð stefna að hafa þetta skemmtilegt. Samstarf og samvinna er eitthvað sem FHB hefur unnið að í gegnum tíðina. Þakkaði samstarfið og kvaddi félagið.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 18:15.

HF/hf/hgg